6. fundur stjórnar Hestamannafélagsins Fáks 2026 - 2027
28. september 2026 kl. 17:00
Reiðhöllin Víðidal

Mættir: Hlíf Sturludóttir (HS), Ragnheiður Ásta Sigurðardóttir (RÁS), Ívar Hauksson (ÍH), Árni Reynir Alfreðsson (ÁRA), Eva Kærnested (EK), Brynja Kristín Magnúsdóttir (BKM) og Einar Gíslason (EG).

Fjarverandi: Arnar Máni Sigurjónsson (AMS)

1. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar

Fundargerð síðasta stjórnarfundar var samþykkt samhljóða.

2. Kynbótasýningar í Víðidal 2027

RML hefur haft samband hvort félagið varðandi kynbótasýningu næstkomandi sumar. Reynsla síðast liðið sumar er sú að kynbótasýningar rekast á margan hátt á við reiðskólana sem eru reknir á svæðinu. Félagið mun upplýsa RML um að félagið sé tilbúið til þess að vera með vorsýningu áður en reiðskólahrossin mæta á svæðið.

3. Afreksknapar Fáks og uppskeruhátíðir

Kynntur er listi yfir þá knapa sem náð hafa framúrskarandi árangri á árinu. Stjórn samþykkir listann.

HS gerir tillögu um að verðlauna sjálfboðaliða á uppskeruhátíð ungmenna og fullorðinna. Stjórn samþykkir tillöguna.

Uppskeruhátíð barna og unglinga fer fram í félagsheimilinu 1. október klukkan 18:00 og ungmenna og fullorðinna þann 8. október. Þá verða einnig verðlaunuð hæstu kynbótahross félagsmanna þann 8. október.

4. Samningur við yfirþjálfara

Fyrir fundinum liggur uppfærð útgáfa af samningi við yfirþjálfara. Er hún samþykkt samhljóða.

5. Samningur við þjálfara

Fyrir fundinum liggur uppfærð útgáfa af samningi sem félagið þarf að gera við þjálfara. Er hún samþykkt samhljóða.

6. Handbók æskulýðsnefndar

HS setti saman handbók æskulýðsnefndar sem samanstendur af tilgangi æskulýðsnefndar og verkaskiptingu milli æskulýðsnefndar og yfirþjálfara. Var hún samþykkt samhljóða.

7. Mótahald 2027

Reykjavíkurmeistaramót verður haldið dagana 14.-20. júní. Gæðingamót Fáks og Spretts verður haldið dagana 28.-30. maí.

LH auglýsti eftir félögum til að halda Íslandsmót og áhugamannamót

- Íslandsmót fullorðinna og ungmenna 2028
- Íslandsmót fullorðinna og ungmenna 2029
- Íslandsmót barna og unglinga 2029
- Íslandsmót í gæðingalist 2027 (innanhússmót sem haldið skal fyrir 15. maí)
- Áhugamannamót Íslands 2027

Stjórn samþykkir að sækja ekki um ofangreind mót sökum umfangs Reykjavíkurmeistaramóts.

8. Ályktun til LH um Landsmót

HS kynnti drög að ályktun um Landsmót fyrir landsþing LH sem fram fer í lok mánaðarins sem Fákur mun líklega flytja sameiginlega með Sörla, Herði, Sóta og Spretti. Stjórn samþykkir ályktunina. Beðið er samþykkis hinna félagana áður en ályktunin verður send LH.

9. Ályktun um verndun hesthúsahverfa og nýtingu hesthúsa

HS kynnti drög að ályktun um verndun hesthúsahverfa og nýtingu þeirra fyrir Landsþing LH sem fram fer í lok mánaðarins. Stjórn samþykkir ályktunina.

10. Fundur formönnum hestamannafélaga á höfuðborgarsvæðinu

Formenn hestamannafélaganna á höfuðborgarsvæðinu funduðu í síðustu viku og ræddu ýmis mál, m.a. framkomna ályktun um Landsmót, nýtingu hesthúsa í hesthúsahverfum, gæðingamót og fram kom hugmynd um að halda eina stóra vorsýningu fyrir hestamannafélögin á höfuðborgarsvæðinu. Kom upp sú hugmynd að halda sýninguna á degi íslenska hestsins þann 1. maí. HS og EG er falið að vinna með þessa hugmynd áfram.

11. Nefndir

Þær nefndir sem hafa verið skipaðar halda áfram. Þær nefndir sem eru að störfum munu fara sjálfar yfir mönnun nefndanna. Ákveðið er að auglýsa eftir fólki í þær nefndir sem ekki hefur tekist að manna:

- Gjáréttarreiðarnefnd
- Karlareið
- Kvennakvölds og kvennareiðarnefnd
- Stórsýning Fáks eða hestamannafélaganna á höfuðborgarsvæðinu (Tala við Kára Steins áður)

Rætt er um hvort gera eigi sameiginlega sýningu hestamannafélaga á höfuðborgarsvæðinu þar sem erfitt er að fá sýningaratriði vegna þess að það er orðið mjög mikið framboð af hestatengdum viðburðum á þessum tíma, sem er breyting frá því sem áður var. RÁS bókar að hún vilji ekki að sýningin fari af svæðinu.

12. Önnur mál

a. Viðhald reiðvega: Farið var yfir viðhald reiðvega. Lagfærður vegurinn austan Rauðavatns.

b. Félagshesthús: Karen og Sif byrja um áramót. EG og HS þurfa að fara yfir þetta með þeim.

c. Golfvöllur GR: HS gekk golfvöllinn ásamt Gunnlaugi Briem og Dagnýju. Golfvöllurinn lokar eftir c.a. hálfan mánuð og þá mun HS fara yfir leiðina með GR mönnum.

d. Hestar fyrir alla: HS hefur verið í sambandi við formann velferðarráðs Reykjavíkurborgar til að kynna verkefnið fyrir borginni. Það verður kynningarfundur með borginni 22. okt.

Fundi var slitið kl. 18:10.